

Skólafestna Snæfellsbæjar

Skólafest er einn stærsti þátturinn í samfélaginu hér í Snæfellsbæ. Langflestir íbúar tengjast skólunum með einum eða öðrum hætti enda starfa hér fjórar skólafestir á samtals 7 starfsstöðum. Það er því mikilvægt að stefnan sé skýr og markmiðin greinileg til þess að fjármagn nýtist á markvissan hátt og allir róí í sömu átt.

Haustið 2008 fól bæjarstjórn Snæfellsbæjar skólafestinni að vinna að skólafestu fyrir Snæfellsbæ. Við vinnuna voru höfð nokkur markmið til hliðsjónar: að gera raunhæfa stefnu og nothæfa sem gerir meira en að safna ryki einhvers staðar uppi á hillu, að skila endanlegum drögum stefnunnar til bæjarstjórnar ekki síðar en í maí 2009, að búa til stefnu sem væri eign allra bæjarbúa og að vinna markvisst og á sem hagkvæmastan hátt fyrir bæjarfélagið.

Ég tel að þessum markmiðum hafi verið náð en nú er það skólafestir og bæjaryfirvalda að vinna eftir stefnunni. Skólafest mun svo reglulega fylgjast með framvindu stefnunnar og framkvæmd.

Ákveðið var að leita til utanaðkomandi aðila með fagþekkingu til þess að leiðbeina okkur í gegnum vinnuferlið en gefa samfélaginu jafnframt færi á að taka sem mestan þátt í stefnumótuninni. Leitað var til Önnu Kristínar Sigurðardóttur, deildarforseta kennaradeildar Háskóla Íslands til að aðstoða við skipulagningu vinnunnar og sú ákvörðun tekin að biðja skráð félagasamtök í bæjarfélaginu að tilnefna fulltrúa til að vinna að stefnumótuninni með okkur. Einnig voru fulltrúar foreldra og starfsfólks kallaðir inn í hópinn. Þannig náðist mikil og góð breidd í hópinn sem kalla mætti „Hollvini skólanna“.

Þann 17. janúar 2009 var haldinn fyrsti vinnufundur stefnumótunarhópsins, en þeir urðu þrjú talsins. Unnið var markvisst og af dugnaði. Anna Kristín Sigurðardóttir stjórnaði og skipti í fjóra hópa sem fjölluðu um hefðbundna stefnumótunarþætti innan sveitarfélagsins en þeir voru:

Kostir Ögranir Tækifæri Væntingar

Hvaða kosti hefur svæðið? Hvaða ögranir þarf að glíma við? Hvar liggja tækifærin og hvaða væntingar höfum við til skólafestsins?

Þau atriði sem tiltekin voru innan hvers hóps voru síðan tekin saman og flokkuð í eftirfarandi þætti: Mannauð, náttúruna og umhverfið, vellíðan og persónuþroska, og skipulag og kennsluhætti.

Á milli vinnufundanna fóru stjórnendur skólanna með punktana inn á sína vinnustaði og fengu starfsfólkið að vinnuferlinu. Smám saman slípaðist stefnan og unnið var að tákni skólafestunnar, en jökullinn er eitt af okkar sameiningartáknum auk þess að tákna náttúruna sem skólafestir vísar að miklu leiti til. Táknin er ferill sem þræðir sig um þrjár bækur, sem er grundvöllurinn og tákna grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.

Náttúran, umhverfið og allur sá mannauður sem býr hér í metnaðarfullu starfsfólki eru auðlindir sem munu nýtast vel í skólastarfi Snæfellsbæjar. Þetta þarf bæði að nýta og hlúa að og það ætlum við að gera.

Örvar Marteinson